

Frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins (SSR) Til allsherjarnefndar Alþingis

Efni: Frumvarp til breytingar á útvarpslögum sem snerta eignarhald á fjölmiðlum, umbeðið álit stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins.

Um eignarhald

Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins telur mikilvægt að settar séu reglur um eignarhald á fjölmiðlum með það að markmiði að tryggja sjálfstæði og fjölbreytni fjölmiðla. Stjórnin telur hins vegar að hinar þröngu skorður sem eignarhaldinu eru settar í fyrirhuguðum breytingum á útvarps- og samkeppnislögum tryggji alls ekki markmið laganna.

Í þessu sambandi bendir stjórn SSR á 6. gr. 3. mgr. skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum þar sem segir: „Nefndin telur að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í fjölmiðlum ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra. Gæta verður þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtækin verði svo lítil að þau fái ekki þrífist.“

Stjórn SSR virðist sem að í 1. gr. frumvarpsins felist einmitt sú hættu sem skýrsluhöfundar vara við.

Um málsmeðferð

Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins hvetur stjórnvöld til að fara hægt í sakirnar og leita sem mestrar samstöðu í þjóðfélaginu um eignarhaldsákvæði í lögum sem snerta fjölmiðla. Benda má á að samsvarandi löggjöf í Noregi sem sett var 1997 var fjögur ár í undirbúningi. Stjórn SSR þykir stjórnvöld ekki hafa svarað eftirfarandi spurningum:

- Hvers vegna liggur á að afgreiða málið á þessu þingi?
- Hvaða hættu hefði það í för með sér að málið fengi eðlilega, lýðræðislega umfjöllun í sumar svo hægt yrði að leggja fram vel ígrundað frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum á haustdögum?

Hvert sem lítið er í þjóðfélaginu, til almennings, kennimanna og fjölmiðlafólks, virðast flestir sammála um að frekari umræðu sé þörf. Undir þetta tekur stjórn SSR.

Um lagastoð

Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins bendir á að skera verði úr um hvort frumvarpið stenst stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, Evrópurétt og alþjóðlega mannréttindasáttmála, sem virtir fræðimenn hafa dregið í efa.

Stjórnin telur að frumvarpið geti brotið í bága við stjórnarskrána. Það eitt að vafi leiki á því að frumvarpið standist stjórnarskrá er að mati stjórnar SSR mjög alvarlegt mál. Stjórnin bendir á 73. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Þá telur stjórn SSR að frumvarpið geti brjóti í bága við 75. grein stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“ Stjórn SSR getur ekki með nokkru móti séð að almannahagsmunir krefjist þess að frumvarpið verði að lögum. Þá hafa lögspekingar talið að frumvarpið brjóti hugsanlega í bága við Evrópurétt. Stjórn SSR vitnar í þessu sambandi til orða Einars Páls Tamimis, forstöðumanns Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, í útvarpsfréttum að kvöldi 8. maí sl. Þar sagði Einar Páll meðal annars að það væri álitafni hvort frumvarpið bryti í bága við Evrópurétt sem einnig eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tiltók hann ákvæði um þjónustufrelsi, staðfestufrelsi og frjálst flæði fjármagns.

Um sjálfstæði

Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins styður þá tillögu svokallaðrar fjölmiðlanefndar (kafli 6.4.7 í skýrslu nefndarinnar) að sett verði í lög ákvæði sem skyldi fjölmiðlafyrirtæki að setja sér innri reglur sem miði að því að tryggja sjálfstæði fjölmiðlafólks, rit- og fréttastjóra gagnvart eigendum og enn fremur reglur um stöðu almenns fjölmiðlafólks gagnvart rit- og fréttastjórn. Það verði síðan hlutverk lögformlegra eftirlitsstofnana að líta eftir því að farið sé að settum reglum.

Lokaorð

Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins harmar þann skamma tíma sem gafst til þess að fara vel í saumana á þessu mikilvæga máli sem varðar þjóðarhag. Ótal spurningar hafa vaknað sem nauðsynlegt er að rökstudd svör fáiast við áður en frumvarpið verður að lögum.

Meðal slíkra spurninga má einkum nefna:

1. Hvaða afleiðingar mun hvert einstakt ákvæði frumvarpsins hafa?
2. Hverjir munu geta fengið útvarpsleyfi?
3. Útilokar 1 gr. frumvarpsins ekki allar fjármálastofnanir og þar með banka og lífeyrissjóði frá því að eiga hlut í fjölmiðlafyrirtækjum?

f.h. stjórnar SSR

Jóhanna Margrét Einarsdóttir
formaður